

Breiðholtsblaðið

Dreift frítt í öll hús í Breiðholti

JÚLÍ 2018

7. tbl. 25. árg.



Erum á Óðinsgötu 1

Mán. - fös.: 10 - 18.

Laugardagar: 11 - 16.

sjá nánar á facebook.com/Systrasamlagið

Netverslun: systrasamlagið.is

- bls. 4-5

Viðtal við

Patience og Rachel
frá Gana



SUMARGAMAN HJÁ ÍR

Krakkarnir sem tóku þátt í sumargamani hjá ÍR létu blauta sumartíð ekki aftra sér frá því að fara í hjólreiðatúr í Seljahverfinu. Margt skemmtilegt var gert þá daga sem gamanið stóð yfir og sjá má fleiri myndir frá því á bls. 14.

Þitt hverfi hefur hækkað einna mest síðastliðið ár.

LÁTTU OKKUR SELJA FYRIR ÞIG. Heyrumst **510 7900**

LIND
FASTEIGNASALA
Hlíðasmári 6 / 201 Kópavogur / www.FASTLIND.is

ÓDÝRARI LYF Í HÓLAGARÐI

 **Apótekið**
- einfalt og ódýrt

Opið: Mán-fös: 10.00 -18.00 • Lau: 10.00 -14.00

SVÍNAKJÖT Á TILBOÐI

Svínakótilettur 1.560 kr/kg

Svínasnitzel 1.399 kr/kg

Svínalundir 2.499 kr/kg

Svínarif 1.299 kr/kg

Svínahnakki 1.499 kr/kg

SELJAKJÖR

- KAUPMAÐURINN Á HORNINU -



**gæði
úrval
þjónusta**

Breiðholtsblaðið

Útgefandi: Borgarblöð ehf.

Eiðistorgi 13-15 • 172 Seltjarnarnes • Pósthólf 171

Ritstjóri: Þórður Ingimarsson • Sími 551 1519 • 893 5904

Netfang: thordingimars@gmail.com

Auglýsingasími: 511 1188 • 552 1953 • 895 8298

Heimasíða: borgarblod.is

Netfang: borgarblod@simnet.is

Framkvæmda- og auglýsingastjóri: Kristján Jóhannsson

Umbrot: Valur Kristjánsson

Prentun: Landsprent ehf.

Dreifing: Landsprent ehf.

7. tbl. 25. árgangur

Breiðholtsblaðið er dreift frítt í öll hús í Breiðholti

Að endurvekja þjónustukjarnana

Með kaupum á húsnæði við Arnarbakka og Völvufell hyggjast borgaryfirvöld leggja sitt af mörkum til þess að blása lífi í þjónustukjarna í Breiðholti. Hugmyndir eru um að breyta skipulagi og opna fyrir endurnýjun á því húsnæði sem fyrir er og byggja nýtt.

Þegar Breiðholtið var skipulagt fyrir um hálfri öld var hugsunin að baki sú að fólk gæti sótt sér lífsnauðsynjar og aðra þjónustu í göngufæri frá hýbýlum sínum. Ýmsar verslanir og önnur starfsemi lifðu ágætu lífi til að byrja með en síðan fór að halla undan fæti.

Á stæður þess eru einkum þær að Mjóddin varð einkonar miðbæjar- og þjónustukjarni fyrir Breiðholtið. Miklar breytingar urðu einnig á verslunarháttum – einkum í dagvöruversluninni þegar stórmarkaðir risu oft utan íbúðabygginganna. Minni verslanir áttu í erfiðleikum að keppa við stóru búðirnar.

Nú eru breyttir tímar. Margt fólk vill fremur geta verslað sér nauðsynlegar vörur í heimbyggðinni í stað þess að þurfa um lengri veg til daglegra innkaupa. Fólki hugnast einnig að mannlíf getið þróast utan veggja heimilanna eins og víða má sjá í öðrum samfélögum. Fólk geti hist og ræðst við. Hvort sem er í verslunar- eða kaffihúsa- eða jafnvel kráarferðum.

Byggingar í verslanakjörnum í Breiðholti líktust oft iðnaðarhúsnæði. Margar eru komnar á mikið viðhaldsstig og alls ekki hentugar til þess að þjóna nútíma kröfum um þjónustu og mannlíf. Skipulagsbreytingar og nýbyggingar eru því nauðsynlegar. Jafnvel að blanda íbúðum og þjónusturýmum eins og farið er að gera – oft að erlendum fyrirmyndum. Það þarf að endurvekja þjónustukjarnana.

Reykjavíkurborg kaupir eignir í hverfiskjörnum

Borgarráð hefur samþykkt að Reykjavíkurborg kaupir fasteignirnar að Arnarbakka 2 til 6 í Neðra Breiðholti og Völvufell 11 og 13 til 21 í Efra Breiðholti. Með þessu hyggjast borgaryfirvöld endurlifga þessa hverfiskjarna en jafnframt breyta deiliskipulagi á reitunum.

Upphaf þessa má rekja til þess að við vinnslu hverfisskipulags fyrir Breiðholtið komu fram skýrar kröfur íbúa um að fjárfesting myndi aukast í hverfinu og verslunarkjarnar í hverfinu yrðu gerðir upp með það fyrir augum að þar gæti ný og spennandi þjónusta og verslun fest sig í sessi. Borgin hyggst þróa þessa reiti þannig að hægt verði að auka byggingarheimildir á þeim. Þá verður auglýst eftir uppbyggingar og rekstraraðilum sem geta gert nýja og spennandi hluti í hverfinu.

Skrifstofa eigna og atvinnuþróunar Reykjavíkurborgar hefur unnið að því samkvæmt ákvörðun borgarráðs að festa kaup á fasteignum í þessum kjörnum í því skyni að endurreisa þá. Í Völvufelli 11 og 13 til 21 hefur Nýlistasafnið m.a. verið til húsa en húsið býður upp á mikla möguleika, þar sem það er í nálægð við Gamla kaffihúsið, pólsku búðina og fleiri verslanir og þjónustu. Í Arnarbakka voru eitt sinn fjölbreyttar verslanir og þjónusta en undanfarin ár hefur verið afar lítið um að vera þar. Svipað er uppi á teningnum í Völvufelli en þar í kring hefur samt verið nokkuð líflig starfsemi. Reykjavíkurborg greiðir rúmlega 752 milljónir króna fyrir fasteignirnar.



Þannig hefur lengi verið umhorfs í Arnarbakkanum.



Neglt fyrir glugga hluta byggingar í Völvufelli.



Laugarnar í Reykjavík

Fyrir líkama og sál

fyrir alla fjölskylduna

í þínu hverfi

Frá morgni til kvölds



Sími: 411 5000 • www.itr.is



**GARÐS
APÓTEK**
- í yfir 60 ár

Hafðu lyfin tilbúin þegar þú sækir
Pantaðu tiltekt á appotek.is
eða í síma 568 0990
Garðs Apótek - í leiðinni

Fáðu lyfin send heim með póstinum
Pantaðu sendingu á appotek.is
Garðs Apótek - um land allt

Sogavegi við Réttarholtsveg og Miklubraut
Opið kl. 9-18 virka daga, lokað um helgar

Deilt um hugmyndir um byggingar við Stekkjarbakka



Fyrirhugað framkvæmda-svæði liggur neðan við götuna Stekkjarbakka.

Meiri- og minnihluta borgarstjórnar Reykjavíkur greinir á um hvort þau úrræði sem standa borginni til boða og gripið hefur verið til sé nægileg til friðunar á svæðinu eða hvort grípa þurfi til ítrustu úrræða með því að friða svæðið alfarið samkvæmt náttúruverndarlögum. Reykjavíkurborg keypti Elliðaármárríði 1906 til vatnsaflsvirkjunar og var Rafstöðin reist um 1920. Á undanförunum árum hefur mikið verið rætt um Elliðaárdalinn sem náttúruveru sem nauðsynlegt sé að varðveita.

Fjallað hefur verið í borgarráði um tillögu Landslags ehf. frá 1. júní sl. að deiliskipulagi fyrir Stekkjarbakka. Í Aðalskipulagi Reykjavíkur 2010 til 2030 var Elliðaárdalurinn afmarkaðurinn og skilgreindur sem borgargarður og settur sem slíkur undir hverfisvernd. Deiliskipulagssvæðið við Stekkjarbakka liggur fyrir ofan Elliðaárdalinn og er ekki inni á því svæði sem borgarverndin tekur til. Í tillögu Landslags ehf. er gert ráð fyrir nýrri byggð við Stekkjarbakka. Þar eru skilgreindar nýjar lóðir, byggingarreitir og hámarks byggingamagn á svæðinu. Sýndar eru nýjar aðkomur inn á svæðið og fjöldi bílastæða skilgreindur. Í bókun minnihlutans í borgarráði kemur fram andstaða við tillögur um breytingar á afmörkunum skipulags Elliðaárdalsins. Fulltrúar minnihlutaaflokkanna segjast leggja ríka áherslu á verndun grænna svæða í borgarlandinu og leggjast gegn hvers kyns uppbyggingu mannvirkja sem gengið geta nærri slíkum svæðum og viðkvæmu lífríki þeirra. Þannig vilja þeir að unnið verði að því í samráði við umhverfisráðherra og Umhverfisstofnun að Elliðaárdalur og nærliggjandi svæði verði friðlýst með þeim hætti sem kveðið er á um í 38. grein náttúruverndarlaga. Í Aðalskipulagi Reykjavíkur er lögð rík áhersla á að ekki sé gengið á græn svæði innan borgarinnar og er það metið sem svo að þessi uppbygging sé í fullu samræmi við þá stefnumörkun. Bent er á að ef dalurinn yrði friðlýstur samkvæmt náttúruverndarlögum myndi borgin missa yfirráð yfir honum og þau myndu færast til ríkisins.

Tveir nýir skólastjórar í Breiðholti

Ásta Bjarney Eliasdóttir hefur verið ráðin skólastjóri Breiðholtsskóla og Birna Sif Bjarnadóttir hefur verið ráðin skólastjóri Ólduselsskóla.

Ásta Bjarney hefur lokið B.Ed. í grunnskólakennarafræðum frá Kennaraháskóla Íslands, diplóma í stjórnun frá Kennaraháskóla Íslands og M.Ed. gráðu í uppeldis- og menntunarfræði með áherslu á stjórnunarfræði menntastofnana frá HÍ. Hún hefur starfað sem umsjónarkennari í sjö ár, sem deildarstjóri í tvö ár, sem aðstoðarskólastjóri í sjö ár og nú síðast sem skólastjóri Húsaskóla frá 2012.

Birna Sif hefur lokið M.Ed. gráðu í uppeldis- og menntunarfræði með áherslu á stjórnunarfræði menntastofnana frá HÍ. Hún hefur einnig sótt fjölmörg námskeið og ráðstefnur, innan lands sem utan. Birna Sif hefur starfað sem grunnskólakennari í 10 ár, sem deildarstjóri í eitt ár og sem aðstoðarskólastjóri Breiðholtsskóla í eitt ár þar sem hún leysti einnig skólastjóra af um lengri og skemmri tíma.



Verið velkomin á Gamla Kaffihúsið

Nautasteik

með bakaðri kartöflu, steiktu grænmeti og bearnaisesósu

Aðeins kr.
2800 kr



Matseðill

Léttir réttir

- Súpa dagsins 950,-
- Ristað brauð 350,-
- Grilluð samloka..... 600,-
- Heimabakað brauð .. 450,-
- Franksar kartöflur... 600,-

Sætir réttir

- Frönsk súkkulaði kaka 850,-
- Eplakaka 700,-
- Hjónabandssæla 700,-
- Ís 650,-



Kjúklingasalat

Salat með hvítlauksbrauði og hunangssinnepsósu.

1950,-

Laxasalat

Salat með reyktum laxi, hvítlauksbrauði og hunangssinnepsósu.

1950,-

Piri piri Kjúklingur

Með steiktu grænmeti, sveita kartöflum og hvítlaukssósu.

2400,-

Hamborgari

Með stalati, rauðlauk, osti og frönskum kartöflum.

1800,-

Eðalbrauð

Með kjúkling, salati, rauðlauk og hunangssinnepsósu aðeins 1250,-

Með reyktum laxi, salati, rauðlauk og piparrótasósu aðeins 1250,-

Með parmaskinku, salati, rauðlauk og hvítlaukssósu aðeins 1450,-

Opnunartími

Virkadaga frá 11:30 til 21:00, Laugadaga frá 12:00 til 21:00, Sunnudaga frá 12:00 til 20:30

Drafnarfell 18, 111 Reykjavík. Sími 511-1180. Nánari upplýsingar á gamlakaffihusið.is.

VIÐTALIÐ

Okkur langaði að kynnst landi eiginmanna okkar

- segja þær Patience Adjahoe Karlsson og Rachel Anima Brynjólfsson sem eru ættaðar frá Gana í Afríku

Í Hólagarði er verslun með afrískar vörur. Afríska búðin AfroZone er eina verslunin hér á landi sem sérhæfir sig í vörum frá svo framandi heimshluta. Í versluninni má bæði finna mat- og snyrtivörur og einnig litríkan fatnað sem einkennir heimaland verslunareigandans sem er Patience Adjahoe Karlsson. Hún kemur frá Gana sem er í sunnanveðri Vestur Afríku og höfuðborgin Accra stendur á strönd Atlantshafsins. Í austri er Togo, Burkína Faso í norðri og Filabeinsströndin í Vestri. Gana var bresk nýlenda til 1957 að landið hlaut sjálfstæði og er lýðræðisríki. Bresk áhrif eru þó mikil. Um 28 milljónir manna búa í Gana - landi sem er um 240 þúsund ferkílómetrar að stærð. Um 67% íbúanna eru kristnir en tæp 24% eru íslamstrúar. Lengi vel voru litil tengsl Íslands við þetta Afríkuríki eins og mörg önnur lönd um víða veröld en á undanföllum árum hefur nokkuð af fólki flutt frá Gana og sest hér að. Á meðal þeirra eru Patience Adjahoe Karlsson og Rachel Anima Brynjólfsson sem hafa búið hér á landi í 15 og 13 ár ásamt íslenskum eiginmönnum sínum og börnum. Rachel Anima starfar að rekstri AfroZone ásamt Patience eða Pat eins og hún er oft kölluð á meðal vina og vandamanna. Breiðholtsblaðið leit við hjá þeim á dögum og fyrst voru þær inntar eftir því af hverju þær komu til Íslands.

“Ég held að það hafi verið ástin. Ég kynntist manninum mínum í Gana og við fórum fljótlega að huga að því að fara til Íslands. Ég var von að flytjast á milli staða frá uppvaxtarárum mínum í Gana en við fluttum oft vegna starfa föður míns sem lögreglustjóra þótt ég sé í raun og veru frá höfuðborginni



Rachel Anima Brynjólfsson til vinstri og Patience Adjahoe Karlsson eigandi AfroZone í Hólagarði til hægri. Myndin er tekin í versluninni.

Accra sem er við ströndina syðst í landinu. Ég er líka í eðli mínu forvitin og langaði til þess að sjá heimaland mannsins míns og kanna hvernig mér myndi líka við það. Ég var því alveg tilbúin að fara og prufa eitthvað nýtt,” segir Patience. Rachel er sammála vinkonu sinni. Saga hennar er hin sama. Hún kynntist manni sínum í Gana og ákvað að flytja með honum til Íslands þar sem þær kynntust í gegnum samfélag fólks sem er ættað þaðan. Þetta samfélag telur að sögn þeirra yfir 100 manns ef börn eru talin með

þótt þau séu fædd hér á landi.

Kalt, enginn skógur og íslenskan erfið

En hvernig leist þeim á Ísland þetta framandi land sem er gjörólíkt heimkynnum þeirra í vestur Afríku. Þær brosa við spurninguna. “Það var kalt miðað við það sem við vorum vanar en þá var bara að klæða sig vel.” Þegar þær kynntust eiginmönnum sínum ytra voru samskipti enn með öðrum hætti en nú. Netíð var ekki eins útbreitt eða eins mikið

notað og nú og fólk vissi minna um önnur lönd og heimshluta. Fólk var ekki að leita á Netinu. Rachel segir að þær hafi líka veitt því eftirtekt að hér var nær enginn skógur. Og svo var það tungumálið. Patience segist strax hafa farið að læra Íslensku. Tungumálið hafi reynst mjög erfitt en hún hafi verið svo heppin að hafa góðan kennara Ingu Karlsdóttur í Mími. Hún hljóti að vera einn besti kennari á landinu og þessi góðu meðmæli fá staðfestingu því að hún og þær báðar tala góða Íslensku. Þær ræða þó saman á móðurmáli sínu

ewe sem er Íslendingum nokkuð framandi. Gana var bresk nýlenda um árabíl en fékk sjálfstæði árið 1957. Enska er því annað móðurmál Gagnabúa og þegar þær Patience og Rachel voru í skóla í heimalandinu fór öll kennsla fram á ensku sem þær segja sameina landsmenn vegna þess að margar mállýskur eru talaðar þar.

Förum öðru hvoru í heimsókn

En fara þær heim. “Já, í heimsókn,” segja þær báðar

Komdu í þægilegt og gott umhverfi við tökum vel á móti þér

Næg bílastæði
VELKOMIN

Mjóddin

samtímis. "Við förum öðru hvoru að heimsækja ættingja okkar. Það er orðið auðveldara að ferðast en þegar við komum. Fargjöldin hafa lækkað. Við förum í gegnum London en nú förum við meira í gegnum Amsterdam. Það er hagstæðara. Það er um sex tíma flug frá Amsterdam til Gana. Eins og frá Íslandi til Kanaríeyja sem margir þekkja. Það er nauðsynlegt að halda sambandi við ættingjana þótt maður búi í öðru landi – öðrum heimshluta eins og við."

Stundar nám með verslunarrekstrinum

Patience byrjaði að vinna í fiski eins og margir nýbúar gera til að byrja með. Hún er kennari að mennt og hefur haldið áfram að nema og bæta við sig á þeim vettvangi eftir að hún fluttist hingað. Hún hefur meðal annars lokið námi til kennararéttinda og hefur stundað MBA nám og er byrjuð í doktorsnámi. Þau Þórir búa á Ásbrú sem stendur. Hann starfar hjá Jarðborunum sem hafa starfsstöð í Hafnarfirði þannig að þetta er allt í leiðinni eins og hún kemst að orði. Rachel bjó sex fyrstu árin á Íslandi á Selfossi og starfaði hjá Mjólkursamsölunni. Hún býr nú í Hafnarfirði ásamt eiginmanni sínum. Þau fluttu þangað eftir að hann hóf störf í Straumsvík. Þær segja að margt hafi breyst á þeim eina og hálfu áratug sem þær eru búnar að búa hér á landi en fundu þær fyrir fordómum. "Nei, við höfum aldrei orðið fyrir fordómum. Fólk hélt sig aðeins til baka gagnvart okkur fyrst eftir að við komum hingað en fólk af erlendum uppruna hefur fjölgað. Íslendingar eru orðnir vanir fjölbreyttara mannlífi og viðmót gagnvart nýbúum hefur breyst. En þótt enskukunnátta sé útbreidd og nokkuð almenn hér á landi þá skiptir kunnátta í íslensku miklu máli. Um leið og

við gátum farið að tala íslensku breyttist viðmótið. Viðburðir eins og fjölmenningshátíðir hafa líka breytt miklu þar sem beinlínis hefur verið unnið að því að fá fólk af ólíkum uppruna til þess að ná saman." Þær eru sammála um að kostnaðarsamt sé fyrir fólk sem flytur til landsins að læra íslensku, námskeiðsgjöld séu há og meira þurfi að gera af opinberri hálfu til þess að styðja við Íslenskunám.

Íslendingar lokaðri

En hver er munurinn á Íslendingum og Ganabúum. Og þá einkum hinn menningarlegi munur. "Íslendingar eru fremur lokaðir miðað við Ganabúa. Þeir tala ekki mikið við nággranna sína. Fólk kynnist ekki þótt þú búi í sama húsi - jafnvel sama stigagangi. Maður fréttir jafnvel ekki af því þótt einhver nággranni manns flyti burt eða jafnvel látist. Þetta er öðruvísi en við áttum að venjast. Það er líka borin meiri virðing fyrir eldra fólk í Gana og Ganabúar eru örlátari. eru fljótari til að veita aðstoð ef einhver á erfitt."

Búðin vakti strax athygli

Fyrir um þremur árum stofnaði Patience verslun með afrískar vörur ásamt fjölskyldu sinni og nú starfar Rachel með henni að

versluninni. Hún vakti athygli strax eftir að hún opnaði. Þar er að finna ýmsar vörur frá Afríku; matvöru, snyrtivörur og fatnað, af því tagi sem ekki hefur verið algengt í verslunum hér á landi. Áhugi fólks vaknaði fljótt á þessari nýjung í verslunarstarfsemi og vöruúrvali og stöðugt fjölgar í viðskiptavinahópnum að sögn þeirra vinkvennanna. Þær stilla jafnan litríkum afrískum fatnaði út fyrir framan búðina og þegar inn er komið má líta á að vöruúrvalið er nokkuð framandi miðað við þær vörur sem eru hér í verslunum. Þær Patience og Rachel segja þessar vörur strax hafa vakið athygli og áhuga hér á landi og fólk í viðskiptahópnum fjölgi stöðugt. "Þetta byrjaði þannig að við fréttum af þessu plássi og ákváðum bara að fara af stað. Kaupa inn vörur og opna verslunina. Þetta hefur allt gengið," segir Patience. "Ég legg áherslu á tropikal vörur. Það er meira af fólk frá heitari löndum sem þekkir þær og hefur áhuga en Íslendingar eru stöðugt að vera meðvitaðri um þær."

Íslendingar opnir fyrir matargerð annarra þjóða

Rachel kaupir mest af þeim vörum sem til eru í AfroZone frá

Bretlandi eða í gegnum Bretland þar sem löng hefð er fyrir þessum vörum enda er Gana fyrrum nýlenda Breta. "Ég held að hversu lokaðir sem Íslendingar eru þá séu þeir vel opnir fyrir mat og matargerð framandi þjóða. Við sjáum það hvernig asísk matarmenning hefur náð hingað og áhuginn á þeim vörum sem við erum að bjóða segir sitt. Nei - við erum ekki farnar að huga að því að opna afrískan veitingastað en höfum þó verið spurðar að því. Við eldum öðruvísi og fólk er

forvitið. Það hefur áhuga. Langar að prufa eitthvað sem það hefur ekki bragðað áður. Og svo kemur það aftur. En það þarf bæði tíma og fjármuni til þess að opna veitingastað. En ef við fengjum samstarfsaðila sem væri tilbúinn að leggja í það er aldrei að vita. Við erum vissar um að fólk myndi koma og borða," segja þessar hressu konu frá fjarlægum landi sem hafa komið hingað og haslað sér völl á meðal þess sem í þeirra augum getur talist framandi þjóð

ALLTAF FULLT BORD AF FERSKUM FISKI OG FISKRÉTTUM

Opið alla virka daga kl. 9 – 18:30.

FISKBÚÐ  HÓLMGEIRS



ÁFRAM ÍR

MIKLABORG



Óskar R. Harðarson og Jason Guðmundsson
hdl. og löggiltir fasteignasalar



Jón Rafn Valdimarsson
lögg. fasteignasali
Sími: 695 5520



Ólafur Finnþósson
lögg. fasteignasali
Sími: 822 2307



Bryndís Alfreðsdóttir
lögg. fasteignasali
Sími: 569 7024



Gunnar S. Jónsson
lögg. fasteignasali
Sími: 899 5856



Gunnar Helgi Einarsson
lögg. fasteignasali
Sími: 615 6181



Þórunn Pálsdóttir
lögg. fasteignasali
Sími: 773 6000



Ásgrímur Ásmundsson
hdl. og lögg. fasteignasali
Sími: 865 4120



Þröstur Þórhallsson
lögg. fasteignasali
Sími: 897 0634



Jörunn Skúladóttir
lögg. fasteignasali
Sími: 845 8958



Axel Axelsson
lögg. fasteignasali
Sími: 778 7272



Atli S. Sigvarðsson
lögg. fasteignasali
Sími: 899 1178



Svan G. Guðlaugsson
lögg. fasteignasali
Sími: 697 9500



Jason Ólafsson
lögg. fasteignasali
Sími: 775 1515



Páll Þórólffson
aðstm. fasteignasala
Sími: 893 9929



Helgi Jónsson
aðstm. fasteignasala
Sími: 780 2700



Hilmar Jónsson
lögg. fasteignasali
Sími: 695 9500



Ragnheiður Pétursdóttir
hdl. og löggiltur fasteignasali



Harpa Rún Gláð
hdl. og löggiltur fasteignasali

Fasteignasalan

Miklaborg

Lágmúla 4 • 108 Reykjavík • Sími 569 7000
www.miklaborg.is

Með þér alla leið

Sýning í Gerðubergi

Afrakstur af vinnusmiðju krakka

Nú stendur yfir í Gerðubergi sýning á afrakstri krakka á aldrinum 9 til 12 ára, sem unnu á skapandi hátt með fyrirbærið þjóð. Verkefnið er hugsað út frá mikilvægi þess að hvetja börn og ungt fólk til að nýta eigin sköpunarkraft, beita gagnrýnni hugsun og draga sjálfstæðar ályktanir um uppbyggingu eigin samfélags. Ekki síst eru þau hvött til að ímynda sér hið mögulega og ómögulega og velta fyrir sér merkingu hinna ótal þátta sem að koma saman í menningu þjóða.



Nika Dubrovsky

Upphafsmáður verkefnisins er frumkvöðullinn og listakonan Nika Dubrovsky. Hún er af rússnesku bergi brotin en lifir og starfar í Berlín, Þýskalandi. Það var Nika sjálf ásamt Ólöfu Sverrisdóttur og Söru S. Óldudóttur sem leiddu vinnusmiðju krakkanna. Í vinnusmiðju um fyrirbærið þjóð voru lagðar fyrir krakka spurningar og umræðukeikjur. Þau ræddu svo eigin reynslu og hugmyndir og notuðu ímyndunaraflíð til að túlka þær í myndmáli og texta. Auk bókaráðarinnar samanstendur verkefnið af vinnusmiðjum og skapandi starfi sem leiðir saman sérfræðipækingu fullorðinna og sköpunarkraft barna og ungmenna. Verkefnið er unnið í samstarfi við Borgarbókasafnið og List fyrir alla en aðrir styrktaraðilar eru Fullveldissjóður og Goethe Institut. Sýningin stendur til 24. ágúst.



Eitt verkanna á sýningunni.

Sumarhátíð leikskólanna

Leikskólarnir í Seljahverfi héldu sína árlegu sumarhátíð föstudaginn 15. júní en hún er haldin í tengslum við 17. júní.

Börn og kennarar hittust í sameiginlegri skruðgöngu við leikskólann Hálsaskóg. Þaðan var

gengið með lúðrasveit fremsta í flokki áleiðis að tjörninni og hringinn í kringum hana. Eftir það hélt hver skóli í sinn leikskóla það sem grillaðar pylsur voru í boði, andlitsmálning, krítar og leikir.



Hópurinn frá Seljaborg á leið í sameiginlega skruðgöngu.



Breiðholtsbúar: Ökuskólinn í hverfinu ykkar. Auk hefðbundins réttindanáms býður Ökuskólinn í Mjódd upp á eftirfarandi fjölda námskeiða m.a.

- B-réttindi á íslensku, pólsku og ensku
- Námskeið vegna akstursbanns
- Bifhjólánámskeið
- Meiraprófnámskeið
- Afleysingamannanámskeið á leigubíl og Atvinnuleyfishafanámskeið í samvinnu við Samgöngustofu
- Endurmenntun Atvinnubílstjóra



Upplýsingar og innritun í síma 567 0300. Ópið 10-17 alla daga.

Hefðbundnar göngumessur í sumar



Göngufólk á leið á milli kirkna.

Hefðbundnar göngumessur þjóðkirkjusafnaðanna í Breiðholti voru með hefðbundnu sniði í sumar.

Gengið var frá einni kirkju til annarar þar sem var messað og fólki síðan ekið til baka þaðan sem

það lagði upp í gönguna. Þriðja göngumessan. Fór þannig fram að gengið var frá Breiðholtskirkju að Seljakirkju. Að messu í Seljakirkju lokinni var boðið til veitinga og síðan akstur til baka að Breiðholtskirkju.

Smíði göngubrúar yfir Breiðholtbraut að ljúka



Á þessari tölvugerðu mynd má sjá hvernig göngubrúin mun líta endanlega út.

Nú er að ljúka framkvæmdum við byggingu göngubrúar yfir Breiðholtsbraut. Brúin liggur yfir Breiðholtsbrautina norðan gatnamóta við Norðurfell ásamt tengingum við stígakerfi borgarinnar.

Brúin er eftirspennt bitabré og er heildarlengd hennar um 95 metrar og heildarbreidd er 3,36 metrar. Gerður verður göngustígur með fram Suðurfelli frá Yrsufelli að Norðurfelli tengistígur lagðir ofan Arnarbakka. Grenndarstöð við Seljabraut verður færð og endurnýjuð ásamt göngustíg að stöðinni.

HÓLAGARÐUR

Persónuleg þjónusta í vinalegu umhverfi



Boltinn í beinni

S: 567 8444

Krá • Sportbar

Gullnáman



KLIPP-ART
HÁRGREIÐSLUSTOFAN

AfroZone



f Fætur & fegurð
HÓLAGARÐI • LÓUHÖLLUM 2-4 • Sími 557 5959

Fiska.is



DZIEN DOBRY

Vilja leggja lagnir undir botn Elliðaáanna



Úr Elliðaárdal. Veitur vilja koma lögnum fyrir undir botni árinna.

Veitur ohf. hafa lagt til að lagnir sem liggja nú í stokkum yfir jörð í Elliðaárdal verði endurnýjaðar og látnar liggja undir farvegi ána. Margar lagnir í dalnum eru komnar til ára sinna og er vatnslögnin um sextíu ára gömul. Framkvæmdum af þessu tagi mun óhjákvæmilega fylgja talsvert rask og hefur efasemda gætt á umhverfissviði Reykjavíkur vegna þess. Ekki liggur fyrir hvort krafist verður umhverfismats vegna þessa og ekki heldur hvort um óafturkræft rask verður að ræða.

Verði lagnirnar færðar undir botn ána þarf að veita bæði austur- og vesturkvíslinni fram hjá sínum eðlilega farvegi á meðan grafið yrði fyrir lögnunum undir árnar. Grafa þarf skurð sem þverar báðar kvíslarnar. Með athafnasvæði er sagt að heildarbreidd skurðstæðisins gæti verið um tólf til fjórtán metrar. Grafa á nýjan farveg fyrir árnar á meðan framkvæmdir standa yfir sem gert er ráð fyrir að taki um tvær vikur. Hentugur staður sem er til skoðunar fyrir framhjálaup er á milli stöpla undir núverandi lagnastæði fyrir hitaveitu. Stjórnendur Veitna telja framkvæmdina mikilvæga starfsemi fráveitu, hitaveitu, rafveitu og vatnsveitu í Reykjavík og ekki hjá því komist að hið gamla veitukerfi sem liggur í stokknum í Elliðaárdal verði endurnýjað. Að mati Umhverfisskrifstofu Reykjavíkurborgar er talið að um svo umfangsmiklar raskanir sé að ræða að verkið verði að fara í umhverfismat. Skipulagsfulltrúinn í Reykjavík hefur tekið undir álit og rök skrifstofu umhverfisgæða. Embættið er að undirbúa heildarendurskoðun á deiliskipulagi fyrir Elliðaárdalinn og von sé á vinnslutillögu þess efnis í haust. Einnig er tekið undir að fyrirhuguð framkvæmd sé mikilvæg fyrir starfsemi Veitna og ekki hjá því komist að gamla veitukerfið fari í endurnýjun.

www.breiðholt.is

Fjör í sumarfrístund í Breiðholti

„Mikið fjör hefur verið í sumarfrístund í Breiðholti. Þrátt fyrir að veðurguðinn hafi ekki boðið upp á mikið sumar þá hefur verið gleði og sól í hjarta hjá börnum og starfsmönnum fríundaheimila Miðbergs.“

Börn á aldrinum sex til níu ára hafa skemmt sér á allskonar þema vikum eins og Spæjarar og ráðgátur, Trylltar tilraunir, Hjóla- og brettafjör og Bakstur- og sælgætisgerð svo eitthvað sé nefnt. Mikið hefur verið um skemmtilega útveru, sundferðir ásamt því að við höfum gengið á fjall, farið upp í Hallgrímskirkjuturn, skellt okkur á brettapalla, lært

Hipp Hopp dans hjá Luis, bakað ljúffengar kökur, grillað brauð og poppað yfir opnum eldi og margt fleira skemmtilegt. Það er endalaust fjör og mikið um að vera og það leiddist engum í hlutverkaleik þegar leitað var að „mannræningjanum“ sem rændi „sælgætisgerðarmanninum“ og lögreglan var heimsótt til þess að athuga hvort þau gætu „hjálpað“ við lausnina í leit að ræningjanum.

Við erum í stuttu sumarfrí eins og er en höldum áfram fjörinu í ágúst og hlökkum til að eiga fleiri skemmtileg ævintýri með þessum frábæru börnum í hverfinu. En myndirnar tala sínu máli.“



ÚTFARARSTOFA ÍSLANDS
Auðbrekku 1, Kópavogi SÍÐAN 1996



ALÚD • VIRÐING • TRAUST • REYNSLA



Sverrir Einarsson Margrét Á. Guðjónsd. Kristín Ingólfssdóttir Hannes Ó. Sampsted

Símar allan sólarhringinn: 581 3300 & 896 8242 • www.utfarin.is
Komum heim til aðstandenda og ræðum skipulag útfarar ef óskað er.

ÚTFARARSTOFA HAFNARFJARÐAR
Flatahraun 5a • www.utfararstofa.is • Símar: 565 5892 & 896 8242



LANDMARK SMÁRINN

„Ég er löggiltur fasteignasali og hef starfað við sölu fasteigna samfleytt frá árinu 1997“

ANDRI SIGURÐSSON
Löggiltur fasteignasali

s 690 3111



Kolbrún leggur til timburhús frá Eistlandi

- nokkur hús hafa verið reist á Bíldudal

Kolbrún Baldursdóttir borgarfulltrúi Flokks fólksins hefur lagt til að flytja inn timburhús frá Eistlandi til þess að leysa bráðan húsnæðisvanda þeirra sem minnst mega sín í Reykjavík. Hún benti á hús sambærileg þeim sem Kalkþörungaverksmiðjan á Bíldudal hefur látið reisa. Fordæmi er fyrir lausn af sambærilegu tagi hér á landi því timburhús voru flutt frá Skandínavíu hingað til lands til þess að leysa húsnæðisvanda sem kom upp í eldgosinu í Vestmannaeyjum 1973. Mynda þau hús samfelld einbýlishúsaðverfi í Fellunum í Breiðholti og hafa reynst vel í þau 45 ár sem þau hafa staðið.

Kolbrún var málshefjandi á fundi borgarráðs nýverið um málefni heimilisláusra. Hún lét bóka eftirfarandi tillögu á fundinum. „Lagt er til að borgin skoði fyrir alvöru að flytja inn timburhús frá Eistlandi sambærileg þeim sem flutt voru inn á Bíldudal með að það markmiði að gefa þeim einstaklingum og fjölskyldum sem búið hafa við viðvarandi óstöðugleika í húsnæðismálum tækifæri til að eignast heimili.“ Kolbrún bendir á að heimilisláusir hafa verið afgangsstærð borgarinnar um lengri tíma. Þetta sé fjölbreyttur hópur af öllum kynjum og á ólíkum aldri. Hún nefnir einstaklinga, öryrkja,



Rúmlega 50 fermetra íbúð með innbúi kostar 16 milljónir króna í nýreistu átta íbúða húsi í eigu Kalkþörungaverksmiðjunnar á Bíldudal. Verkefnisstjóri verksmiðjunnar segir lágan byggingarkostnað engin geimvísindi og telur byggingarkostnað of háan í Reykjavík. Kolbrún vill skoða þennan möguleika fyrir fólk sem ekki getur keypt sér húsnæði á markaði.


barnafjölskyldur, einstæðir foreldrar og eldri borgarar og segir að finna megi heimilisláust fólk í öllum þessum hópum.

Kolbrún bendir á að hægt sé að fara ólíkar leiðir til að auka framboð á húsnæði. Verið sé að

byggja húsnæði í borginni sem seljist á verðlagi sem þessu fólki sé fyrirmunað að ráða við. Hundruð fjölskyldna séu á biðlista eftir félagslegu húsnæði. Í nýlegu viðtali við verkefnastjóra Kísilverksmiðjunnar á Bíldudal á

RÚV hafi hann greint frá innflutum 50 fermetra timburhúsum frá Eistlandi, sem fullbúin kosta 16 milljónir.

ÍSRÖR.




Hjá Ísrör færðu einangruð hitaveiturör frá LOGSTOR

- Stálrör
- Stálfittings og samsetningar
- Pexrör
- Pexfittings og samsetningar
- PexElextra sveiganlegri plaströr
- Pexfittings og samsetningar

Og svo allt annað sem þarf til hitaveitulagna

Hringhella 12, 221 Hafnarfjörður · Sími 565 1489 · isror@isror.is · www.isror.is

ÍSRÖR.



Nýtt hjá ÍSRÖR

Þjóðum nú kaldavatnslagnir PE-100 og PE-80 ásamt tilheyrandi fittings

Þjóðum einnig snjóbræðslurör PP og PE

Líklega besta verðið

HUMBAUR

Kerrurnar frábæru frá Humbaur eru til á lager!



Startrailer 1280

750 kg. Mál: 205x109.5x30 cm. Verð: 121.888 kr. án vsk.



Gerð 1376

Opanleg að framan. 750 kg. Mál: 205x131x35 cm. Verð: 169.355 kr. án vsk.



Gerð 1374

Opanleg að framan. 750 kg. Mál: 251x131x35 cm. Verð: 201.612 kr. án vsk.



Gerð 1384

Sturtanleg. 750 kg. Mál: 251x131x35 cm. Verð: 229.839 kr. án vsk.



Gerð 1339

Opanleg að framan. 1300 kg. Mál: 303x150x35 cm. Verð: 350.807 kr. án vsk., en með skráningu.



Gerð 2331

Opanleg að framan. 2500 kg. Mál: 303x150x35 cm. Verð frá: 431.452 kr. án vsk., en með skráningu.



Flatvagnar

Ýmsar stærðir og gerðir. 2500 kg. Mál: 303x150x35 cm. Verð frá: 512.000 kr. án vsk., en með skráningu.

Topplausnir

Smiðjuvegi 40 gul gata. Kópavogi. Veitum upplýsingar í síma: 517 7718. Heimasíða: www.topplausnir.is

Kópavogsgöng og mislæg gatnamót felld út af skipulagi

Eykur landnotkun í Suður Mjódd



Borgarráð hefur samþykkt að stofnbraut og gangamunni í Fossvogsdal verði felldur út úr aðalskipulagi. Gangamunni og mislæg gatnamót í Suður-Mjódd verði einnig felld út. Með þessu veður unnt að stækka miðsvæðið og auka landnotkun í Suður Mjódd.

Borgarráð samþykkti þann 22. febrúar sl. að auglýsa tillögu að breytingu á aðalskipulagi Reykjavíkur 2010 til 2030. Tillagan gerði ráð fyrir að Kópavogsgöng yrðu felld út af aðalskipulagi, ásamt tilheyrandi umferðartengingum í Fossvogi og Suður Mjódd. Jafnhliða því er miðsvæði í Suður Mjódd stækkað til austurs. Svæðisskipulag höfuðborgarsvæðisins til ársins 2040 gerir ekki ráð fyrir Kópavogsgöngum í sinni stefnumörkun. Kópavogsbær hefur einnig boðað að fella út Kópavogsgöng af sínu aðalskipulagi.

Skólahljómsveit Árbæjar og Breiðholts

Stóðu sig vel í Gautaborg



Snorri Heimisson stjórnandi skólahljómsveitar Árbæjar og Breiðholts kampakátur með verðlaunin.

Elsti hluti Skólahljómsveitar Árbæjar og Breiðholts fór með stjórnanda sínum, Snorra Heimissyni, til Gautaborgar á dögnum. Þar gerði hljómsveitin sér lítið fyrir og lenti í öðru sæti í hljómsveitakeppni.

Alls tóku tuttugu og fimm hljómsveitir þátt í hátíðinni í Gautaborg. Þær kepptu ekki einungis innbyrðis heldur settu þær svip á borgina með því að



Kátir félagar í elstu sveit skólahljómsveitar Árbæjar og Breiðholts eftir að þeir hrepptu annað sætið í Gautaborg.

marsera um götur og leika fyrir gesti og gangandi á meðan á dvöl þeirra stóð. Á lokahátíð keppinnar var hljómsveitin beðin að flytja útsetningu stjórnanda síns af „Shape of

you“ eftir Ed Sheeran og vakti flutningurinn mikinn fögnuð áheyrenda. Það voru kátir og stoltir nemendur sem snéru aftur heim til Íslands að keppni lokinni.

westfalia
AUTOMOTIVE

DRÁTTARBEISLI

Hágæða beisli, föst eða losanleg, fyrir flestar gerðir fólksbíla og jeppa. Upplýsingar um verð og tímabantanir hjá söluaðilum um land allt.

Breiðholtsblaðið

Auglýsingasími:

511 1188 & 895 8298

ÚTSALAN Í FULLUM GANGI
VERÐ FRÁ KR. 990



belladonna

Skeifan 8 | 108 Reykjavík | sími 517 6460 | www.belladonna.is

Söluaðilar Motormax:

Toyota Kaupúni
Kaupúni 6
Garðabæ
Sími: 570-5070

Toyota Akureyri
Baldursnesi 1
603 Akureyri
Sími 460-4300

Toyota Reykjanesbæ
Njarðarbraut 19
260 Reykjanesbær
Sími 420-6600

Toyota Selfossi
Fosnesi 14
800 Selfossi
Sími 480-8000

TOPPBÍLAR
Kletthálsi 2
110 Reykjavík
Sími 587-2000

Kaupfélag Skagfirðinga
Ártorgi 1
550 Sauðárkrúkur
Sími 455-4500

MotorMax Motormax ehf.
Vatnagarðar 12
Sími: 545 4040



TARAMY.IS:

Skemmtilega lítið af mörgu

Gífurleg fjölbreytni einkennir verslunina Taramy sem hvorttveggja er vefverslun og verslun að Jöklafold 26, Reykjavík. „Slagorðið hjá mér er eiginlega orðið Skemmtilega lítið af mörgu,“ segir eigandinn, Guðrún Þorbjörg Kristjánsdóttir, en jafnframt því að afar margra grasa kennir í versluninni á gættir Guðrún þess að sitja ekki uppi með of stóran lager, sérpantar fremur það sem viðskiptavininn vanhagar um og ekki er til á staðnum.

Meðal þeirra vara sem Taramy býður upp á eru gervibrjóst en til þeirra rekur fyrirtækið jafnframt upphaf sitt: „Móðir mín stofnaði þetta fyrirtæki, ERF ehf árið 1978 vegna þess að hún greindist með brjóstakrabbamein. Á þeim tíma voru ekki til nein gervibrjóst fyrir konur sem urðu að gangast undir

brjóstánám og engin umræða var um sjúkdóminn – hann var tabú. Þetta hefur sem betur fer breyst mikið.“ Taramy býður auk þess upp á mjög falleg nærföt og undirföt fyrir konur undir merkinu Anita.

Einnig eru handskornir fuglar frá Dcuk, endur, mörgæsir, hænsni og uglur sem unnar eru úr bambusrót og skreyttar fyrir hin ýmsu tækifæri. Þar má meðal annars nefna brúðhjónaendur, hjólaendur, stígvélaendur og fleira og engir tveir eru nákvæmlega eins.

Sérstaka athygli vekja skemmtilegar og mjög smekklegar postulínsvörur frá Þýskalandi. Um er að ræða skálar, bolla, könnur og fleira með svipi, það er, að greinileg ásjóna er grafin í hvern hlut og gefur þetta vörunum mjög smekklegan og skemmtilegan svip.

Taramy er einnig með tvær áhugaverðar bækur til sölu. Skipulag kennarans – skipulagsbók sem Guðrún sjálf hefur sett saman; og Gaddakylfan, sérstæð ævisaga eftir Kristján S. Guðmundsson. Báðar bækurnar eru til sölu við vægu verði.

Vefverslun Taramy, á slóðinni <http://taramy.notando.is/sendir> vörur hvert á land sem er en fólk á höfuðborgarsvæðinu sækir vörurnar oftast í Jöklafold 26. Verslunin þar er opin eftir samkomulagi og skal hringja í síma 699 2355 eftir klukkan 14 og panta tíma.

Að sögn Guðrúnar er skemmtilegast að skoða vefinn fyrst og koma síðan á staðinn. „Oft sér maður þá eitthvað sem maður hafði ekki tekið eftir á vefnum,“ segir Guðrún. Sjá nánar á taramy.is.

Áttu erfitt með að slaka á, festa svefn eða fá góða næturhvíld?

20% AFSLÁTTUR Í JÚLÍ

ICEHERBS
NATURA ISLANDICA

sofðu rótt


Hrein MAGNOLIA með fjallagrösom

NÁTTÚRULEG OG GÓÐ SLÖKUN

Fæst í öllum apótekum, heilsuvöruverslunum Hagkaupum, Nettó og Frihöfninni Keflavíkurflugvelli.

ICEHERBS
NATURA ISLANDICA

Hlaut stórt gull fyrir frímerkjasafn



Verðlaunaskjal Sigtryggs eftir sýninguna í Garðabæ.

Sigtryggur R. Eypórsson.

Sigtryggur R. Eypórsson frímerkja- og myntsafnari í Breiðholtinu hlaut stórt gull fyrir safn sem hann sýndi á Nordia 2018 sem fór fram í TM höllinni í Garðabæ helgina 8. til 10. júní.

Sigtryggur sýndi þar safn sitt Icelandic Postal Stationery 1879 til 1920 sem hann hefur unnið að á undanförunum árum. Sigtryggur er einn fára Íslendinga sem hlotið hafa stórt gull fyrir þáttöku í sýningum Nordia. Félög norrænna frímerkjasafnara skiptast á að halda sýninguna og nú var röðin komin að Íslandi. Mörg glæsileg frímerkjasöfn voru til sýnis en auk þeirra voru margir sölubásar frá pósthöfðunum margra ríkja og einnig á vegum einstaklinga.

Komin út hjá Bókaútgáfunni Hólum

Gamansögur af íslenskum sjómönnum

Út var að koma hjá Bókaútgáfunni Hólum í Breiðholti bókin **Laggó! Gamansögur af íslenskum sjómönnum í samantekt Guðjóns Inga Eiríkssonar. Þar koma margir snillingar við sögu og verður hér gripið niður í bókina – og auðvitað byrjað á hinum eina og sanna Lása kokki.**

Lási var nokkuð lengi kokkur á björgunar- og gæsluskipinu Sæbjörgu. Eitt sinn átti hann í löngum samræðum við stýrimanninn þar og fóru þær fram á þilfarinu. Þegar spjalli þeirra lauk náði forvitinn háseti að króa Lása af og spyrja hvað þeim hefði farið á milli, honum og stýrimanninum. Lási var skjóttur til svars og sagði:

„Góði besti, hann talaði svo mikið að ég lét það út um annað en inn um hitt.“

Strokk úr hljóði

Eitt sinn var Sæbjörgin búin að vera lengi úti á sjó og farið að minnka um mat. Var smjörrið meira að segja nánast á þrotum. Lási sagði stýrimanninum hvernig komið væri og bætti síðan við:

„Og þá held ég að heyrst nú strokk úr hljóði þegar smjörrið er búið.“

Þekki þig ekki fyrir annan mann

Einu sinni kom afgreiðslumaður frá olíufélagi um borð í Sæbjörgu og þáði kaffi aftur í borðsal með vélstjóranum og nokkrum öðrum. Allt í einu kemur Lási þangað inn og segir um leið og hann kemur auga á afgreiðslumanninn:


„Þú hefur breyst svo mikið síðan ég sá þig síðast að ég þekki þig ekki fyrir annan mann.“

Frí til að vera veikur

Þegar Lási var á Sæbjörgu langaði hann einhverju sinni óskaplega mikið í frí. Fór svo að hann gekk á fund forstjóra Landhelgisgæslunnar og bað um það með þessum orðum: „Get ég fengið frí til að vera veikur í fjóra daga?“

Dráttur með Gauja

Lási hafði yndi af því að dansa og sótti dansleiki af miklum móð. Eitt sinn fóru þeir Sæbjargarmenn á dansleik á Siglufirði. Ef dimmt var úti þurfti Lási iðulega á fylgd annarra að halda sökum þess hversu náttblindur hann var og þannig var einmitt ástatt að loknu



ballinu á þessari vetrarnótt. Það kom venjulega í hlut fyrsta vélstjóra að vera stoð hans og stytta í þessum efnunum og þegar þeir voru komnir skammt frá danshúsinu segir Lási:

„Helvítis vitleysa er það nú annars að fara um borð núna, Gaui minn. Bara að fá sér kerlingu.“

„Þetta er allt í lagi.“ segir fyrsti vélstjórninn. „Ég skal fylgja þér að dyrunum ef þú veist hvar hún býr.“

Í sama mund er kallað úr strákahópi hinum megin götunnar:

„Etlarðu ekki að fá þér drátt, Lási?“

„Jú,“ svaraði Lási, „ég var nú einmitt að nefna það við hann Gauja minn.“

Verð og hreinn þjófnaður

Sjómennskan var Ísafirðingnum Péttri J. Haraldssyni í blóð borin og aldrei kom annað til greina en hann yrði vélstjóri eins og faðir hans, afi og föðurbræður allir. Hann var vélstjóri á fiski- og farskipum, en einnig um tíma á Djúpbátunum Fagranesinu, sem var með áætunarferðir í Ísafjarðardjúpi.

Pétur var eitt sinn að kaupa varahluti í versluninni Rörverki. Að lokinni afgreiðslu bað hann um að fá reikning fyrir vörunum og það sundurliðaðan.

„Hvernig sundurliðaðan?“ spurði afgreiðslumaðurinn.

„Þið, þessir helvítis glæpamenn, eruð stórhættulegir,“ svaraði Pétur þá.

„Ég vil fá að vita hvað er eðlilegt verð og hvað er hreinn þjófnaður.“

Beðið eftir að skrúfan kæmi

Eitt sinn, þegar togarinn Drangey var að leggja úr höfn á Sauðárkróki, kom upp bilun í olíuverki aðalvélarinnar. Það var rífið úr í hvelli og farið með það inn á vélaverkstæði Kaupfélags Skagfirðinga. Valli Jóns vélvirki rauk í verkið og vann hratt. Var hann niðursokkinn í vinnu sína og hélt stilliskrúfu einni á milli varanna.

Þá kom verkstjórnin aftan að honum, klappaði á öxl hans og spurði:

„Hvernig gengur, Valli minn?“

Valla dauðbrá og hrökk hann í kút með þeim afleiðingum að stilliskrúfan hrökk ofan í hann og varð Drangey að fresta veiðiferðinni um einhverja daga, eða þar til skrúfan skilaði sér niður af honum!

Ekki brúttó nettó heldur bara ufsi

Kristján Mikkelsen hitti um árið sjómanninn Leif Þormóðsson – Leibba Manna – í Hótelteríunni á Húsavík. Að venju var spurt um aflabrögd og Leibbi sagði að þeir væru komnir með um 100 tonn.

„Og er það brúttó eða nettó?“ spurði Mikkelsen.

„Hvortug.“ svaraði Leibbi. „Þetta er mestan part ufsi.“

Hvenær kemur seinni parturinn

Einu sinni keypti Ingvar Gunnarsson, sem rak útgerðarfélagið Þór á Eskifirði, nýjan dragnótabát úr stáli frá Svíþjóð. Fékk hann nafnið Geisli og bar einkennisstafina SU 37. Báturinn þótti óvenju stuttur fyrir aftan stýrishús og fannst mönnum að töluvert vantaði á lengdina til að hlutföllin teldust eðlileg.

Þegar skipið var nýkomið til Eskifjarðar flyktast bæjarbúar að til að skoða það. Einn þeirra var Kalli Sími (Karl Símonarson), skipasmiður og lengi forstjóri Vélsmíðu Eskifjarðar. Að skoðun lokinni sýnr hann sér að fulltrúum útgerðarinnar, grallaralegur á svip, og spyr:

„Segið mér, strákar; hvenær kemur svo seinni parturinn?“

Ekki mínar tennur

Þeir mágar, Óskar Matt á Leó VE 400 og Sveinbjörn Snæbjörnsson, oftast kallaður Bjössi Snæ, voru miklir mátar. Þeir fóru stundum á skak á trillu sem Óskar átti. Í einum slíkum túr vildi ekki betur til en svo að Bjössi, sem var með falkar tennur, missti út úr sér efri tanngarðinn, beint í sjóinn og sökk hann til botns. Bölvaði hann þessu óhappi að sjálfsögðu í sand og ösku.

Óskar, sem einnig var með falkar, sá sér nú leik á borði að atast svolítið í mági sínum. Hann tók út úr sér efri tanngarðinn svo lítið bar á, festi hann við færið hjá sér og renndi færinu út. Dró það svo upp eftir stutta stund og kallaði til Bjössa:

„Nei, sérðu hvað er á hjá mér, tennurnar þínar!“

Bjössi varð að sjálfsögðu glaður við, þreif tanngarðinn og stakk honum upp í sig. Japlaði í nokkra stund, en tók síðan tennurnar út úr sér og sagði með mikilli ólund:

„Andskotinn, þetta eru ekki mínar tennur.“

Henti síðan tanngarðinum beint í sjóinn – við litla gleði Óskars.

Bókin fæst í öllum betri bókabúðum en einnig er hægt að panta hana hjá Bókaútgáfunni Hólum í netfanginu holar@holabok.is og í síma 692-8508.

A Hjálparstafnum 1717 skrifu einhverju útlitshættulegum orðum til saks

Líður þér illa í hjartanu?

1717

opinn - trúnaður - ókeypis + Rauði kross Íslands

Gerðu góðverk í dag

907 2002

Hjálparstaf kirkjunnar
www.help.is

Lyfjaval APÓTEK

Í Mjódd á nýjum stað!

Lyfjaval APÓTEK var til húsa

Lyfjaval APÓTEK nú til húsa

Starfsfólk Lyfjavals tekur hlýlega á móti þér



RECARO

Barnabílstólar í úrvali



BÍLASMIÐURINN HF

Bíldshöfða 16, 110 Reykjavík - Sími: 567 2330 - www.bilasmidurinn.is

Ivan Óli Santos

Ungur fótboltamaður sem stefnir hátt

Ivan Óli Santos er ungur fótboltamaður í Breiðholti. Hann byrjaði snemma að æfa fótbolta og setti sér sem barn það markmið að komast langt. Síðan hafa flestar stundir í lífi hans snúist um fótbolta og nú hefur hann skrifað undir sinn fyrsta samning við þriðja flokk ÍR sem er til tveggja ára.

Breiðholtsblaðið hitti Ivan Óla í höfuðstöðvum ÍR á dögunum þar sem hann gaf sér tíma til þess að koma inn í hús af fótboltavellinum þar sem hann var við æfingar. En hvenær fékk hann áhuga á fótbolta. Hann segir að hafa orðið þegar hann var fimm ára. "Þá fór eldri bróðir minn af æfa fótbolta og ég fór líka að mæta á æfingar og þá kviknaði áhuginn. Fótboltinn tók fljótlega völdin og ég fór að stunda æfingar með skólanum hvenær sem færi gafst." Ivan Óli er uppalinn í Bakkahverfinu. Ivan Óli fer í 10. bekk í Breiðholtsskóla í haust og lýkur grunnskóla en segir ekki ákveðið hvað þá taki við. En alla vega verði það tengt fótbolta. "Kannski flyt ég bara í ÍR, segir hann og brosir. "Ég vil komast í góðan skóla en verð líka að hafa tíma fyrir fótboltann. Ég á eftir að hugsa það aðeins betur. Ég er að æfa með þriðja flokki og einnig stundum með meistaraflakki en ég er löngu búinn að taka

stefnuna á hann." Ivan Óli segist ekki taka mikinn þátt í félagslífi í skólanum. "Nei – ég fer oft beint úr skólanum hingað í ÍR og eyði því sem eftir er af deginum þar. Þar er mín félagsmiðstöð."

Spilar með unglingsliðinu

Ivan Óli hefur spilað með unglingsliðinu og var nýlega búinn að spila við Færeyinga hér heima þegar spjallið fór fram. Og þið unnuð þá örugglega. "Já – alveg örugglega. Við unnum fyrri leikinn 6 - 1 og þann síðari 7 - 0." En hvað er svo fram undan. Keppni við ÍBV þegar spjallið fór fram og síðan leikir á móti Kína og Hong Kong. "Við verðum bara að sjá til hvað Kínverjarnir kunna í fótbolta en auðvitað ætlum við okkur að vinna þá." Ivan Óli spilar með U 15 og kveðst einnig geta spilað með U 16. Hann segir U-liðin standa saman af strákum úr mörgum félögum og síðan verði bara að sjá til hverja þjálfarinn vilji. Aldursmörkin séu ekki alveg föst. "Ég hefði ekkert á móti því að spila eitthvað með U 16."

Sumarfríð verður á ÍR vellinum

Ivan Óli segist ekki gera ráð fyrir að fara neitt í sumarfrí.

"Nei – sumarfríð verður hér á ÍR vellinum. Það fer allt í fótboltann. Nei – ég hef aldrei hugsað mér að yfirgefa ÍR. Ég byrjaði hér og hér er góður hópur sem vinnur vel saman í fótboltanum. Hér hef ég líka eignast góða félag og vini. Vinahópurinn er meira hér í ÍR en í skólanum. Ég ætla að halda áfram alveg á fullu. Maður verður að stefna hátt til þess að halda áhuganum upp. Ætli ég endi ekki á HM að lokum," segir Ivan Óli en spjallið fór fram áður en Ísland féll úr leik á heimsmeistaramótinu.

Kærustu seinna

Ivan Óli er brasilískur í aðra ættina. Faðir hans Anthony Santos er ættaður frá Brasilíu en móðir hans er íslensk. Hann segist ekki tala móðurmál föðurfólks síns og verði bara að láta enskuna duga. En hefur hann orðið fyrir fordómum. "Nei – ég get ekki sagt það. Kannski einhvern tíman en ekkert til að hafa áhyggjur af. Fólk sér eðlilega að ég á erlendar rætur en nú býr margt fólk sem flust hefur frá öðrum löndum í Breiðholti og víðar. Þetta hefur breyst." En hvað með kærustu. "Nei – ekki enn þá. Fótboltinn hefur alveg setið fyrir en eflaust kemur að því hjá mér eins og öðrum," segir þessi hressi fótboltastrákur í Breiðholti.



Ivan Óli Santos segist stefna hátt í fótboltanum.

Hákon framkvæmdastjóri Barnaverndar

Hákon Sigursteinsson sálfræðingur og deildarstjóri skólaþjónustu í Breiðholti hefur verið ráðinn sem framkvæmdastjóri Barnaverndar Reykjavíkur og mun hefja störf um miðjan ágúst.

Hákon hefur verið deildarstjóri skólaþjónustu í Breiðholti frá árinu 2005 og staðgengill hverfisstjóra Breiðholts, en skólaþjónustan annast þjónustu við börn og nemendur ásamt ráðgjöf við foreldra, skólastjórnendur og starfsfólk. Auk þessa hefur Hákon starfað

sem vinnusálfræðingur, verið meðdómari í forsjármálum, dómkvaddur matsmaður og sinnt úttekum og kennslu. Skólaþjónustan í Breiðholti hefur verið undir stjórn Hákonar í fararbroddi í ýmsum verkefnum sem snerta börn og unglunga, meðal annars með Breiðholtsmódelinu sem snýst um að veita snemmtæka þjónustu. Vinnuáferðin hefur verið tilnefnd af menntamálaráðuneytinu sem framlag Íslands í samnorrænu verkefni um þverfaglegt samstarf



Hákon Sigursteinsson.

vegna barna í áhættuhópum. Hákon ritað einnig greinar í Breiðholtsblaðið um málefni barna og annað sem tengdist starfi hans í hverfinu.

FALLEGIR LEGSTEINAR



Opið: 10-17
alla virka daga

Verið velkomin

Bergsteinar
legsteinagerð

Auðbrekku 4, 200 Kópavogi, sími: 537-1029, www.bergsteinar.is



Tölvur og gögn ehf.

PC & Mac

þekking og reynsla

- ◊ Office 365 þjónusta
- ◊ Gagnþjörgun og afritun
- ◊ Umsjón tölvukerfa
- ◊ Vefsíðugerð og umsjón
- ◊ Tölvuviðgerðir
- ◊ Tölvur og jaðarbúnaður



Parabakki 3, **Mjódd**
109 Reykjavík
Sími: 696-3436
www.togg.is

EITT KORT
34 VÖTN
7.900 kr.



Vatnaveiði er fjölskylduvæn útivist.
Börn yngri en 14 ára veiða frítt með korthafa.



Sölustaðir:
N1 - OLIS - ÍSLANDSPÓSTUR og veiðivörverslanir um land allt.
Frí heimsending þegar pantað er á www.veidikortid.is.

ÍR og Gimli gera samstarfssamning



Fulltrúi frá Gimli og Magnús Þór Jónsson skólastjóri og formaður knattspyrnudeildar ÍR.

Nú nýverið undirrituðu knattspyrnudeild ÍR og fasteignasalan Gimli styrktar- og samstarfssamning.

Fasteignasalan Gimli er þekkt af gæðastarfi og það er knattspyrnudeild ÍR mikils virði að fá slíkan styrktaraðila að borði ÍR-fjölskyldunnar og með styrk sínum sýnir Gimli stuðning við framtíðaruppbyggingu knattspyrnunnar í Breiðholti í verki.

Hluti samningsins byggir á möguleikum seljenda fasteigna hjá fasteignasölnunni til að styrkja það uppbyggingarstarf einnig. Nánari upplýsingar um það er að finna hjá Gimli en að sjálfsögðu skorar knattspyrnudeild á alla ÍR-inga að skipta við þau fyrirtæki sem sjá sér fært að styðja við uppbyggingarstarf íþróttanna okkar hverfi.

Áfram veginn með ÍR og Gimli.

Þrír ÍR ingar í landsliðsvali U16

Þrír ÍR ingar voru valdir til að taka þátt í æfingum U16 landsliðs í knattspyrnu í undirbúningi fyrir mót sem verður haldið síðla árs 2018.

Bragi Karl Bjarkason, Benedikt Tristan Axelsson og Róbert Andri Ómarsson voru valdir til að taka þátt í þessum æfingum og óskum við ÍR-ingar þeim innilega til hamingju og góðs gengis. Þetta eru tímamót er varðar ÍR í knattspyrnunni.

Efnilegir leikmenn skrifa undir hjá ÍR

Nýverið hafa ungir og efnilegir leikmenn ÍR skrifað undir sína fyrstu samninga við ÍR og gilda til tveggja ára. Um er að ræða lykilmenn öflugts liðs 3. flokks félagsins og horft til þeirra sem framtíðarmanna.

Þetta eru þeir Róbert Árni Ómarsson, Ivan Óli Santos og Bragi Karl Bjarkason sem settu nöfn sín á samninga við uppeldisfélagið sitt. Með samningi við strákana er félagið að taka spor í átt að því að styrkja tengsl meistara- og yngri flokka félagsins enda ætlunin að horfa til uppbyggingar yngri flokka til að efla félagið í meistara-flokkum á næstu misserum.

Sumargaman hjá ÍR

Ýmislegt var til gamans gert á meðan Sumargaman hjá ÍR stóð yfir í liðnum mánuði. Meðal annars var farið í hjólreiðtúra. Húsdýragarðurinn var heimsóttur og farið í heimsókn til lögreglunnar

þar sem lögreglubíll og ýmis annar búnaður var skoðaður undir leiðsögn lögreglumanns. En myndirnar segja meira en mörg orð eins og sjá má. Fjöldi barna tók þátt í sumargamninu.



Seldu eignina þína hjá okkur og styrktu í leiðinni knattspyrnudeild ÍR

Knattspyrnudeild ÍR og Gimli fasteignasala hafa gert með sér samstarfssamning.

Hringdu í síma 570 4800 og við förum yfir málin með þér

GIMILI
FASTEIGNASALA

Guðbjörg Jóna Evrópumeistari

Það sem ber hæst hjá Frjálsíþróttadeild ÍR um þessar mundir er að Guðbjörg Jóna Bjarnadóttir varð Evrópumeistari í 100 metra hlaupi stúlkna 16 til 17 ára. Hún kom í mark á 11,75 sekúndum sem er rétt við hennar besta sem er 11,68 sek. Guðbjörg gerði sér síðan lítið fyrir og varð í 3. sæti í 200 m hlaupi daginn eftir á flottum tíma 23,73 sek. Glæsilegur árangur en líklega er hún fyrsti Íslendingurinn sem nær svo góðum árangri á Evrópumóti í frjálsíþróttum.

Elísabet Rut Rúnarsdóttir keppti í sleggjukasti og varð 7. inn í úrslit en hafnaði síðan í 8. sæti. Flottur árangur hjá Elísabetu og veit á gott fyrir framtíðina. Helga Margrét Haraldsdóttir varð í 19. sæti í kúluvarpi og bætt sinn besta árangur í keppninni. Andrea Kolbeinsdóttir keppti í 3000 m hindrunarhlaupi á HM U20 í Tampere í Finnlandi. Hún kom í mark á tímanum 10:21,26 mínútum og bætti þar með eigið Íslandsmet sett í júní um 10 sekúndur. Andrea náði þó ekki að komast í úrslit en hún hafnaði í 22. sæti af 40 keppendum Erna Sóley Gunnarsdóttir varpaði kúlunni lengst 14,32 metra og endaði í 14. sæti af 28 keppendum en efstu 12 fóru áfram í úrslit. Varpa þurfti kúlunni 14,56 metra til að komast í úrslit og Erna Sóley því ekki langt frá því. Tiana Ósk Whitworth



Guðbjörg Jóna Bjarnadóttir.

hljóp í undanrásunum 100 m hlaupsins og kom hún í mark 11,87 sekúndum og hafnaði í sjötta sæti í sínum riðli. Tiana hafnaði í 29. sæti af þeim 37 keppendum sem luku keppni. Gott hlaup.

Telma Lind bætti 36 ára Íslandsmet

Thelma Lind Kristjánsdóttir, úr ÍR, bætti nýverið 36 ára gamalt Íslandsmet í kringlukasti kvenna.

Kastaði Thelma Lind 54,69 metra á Kastmóti UMSB sem fram fór í Borgarnesi. Er það nýtt Íslandsmet. Hún hafði áður kastað best 52,80 metra og bætti því eigið um tæpa tvo metra. Fyrri metið var 53,86 metrar og setti Guðrún Ingólfsdóttir það árið 1982.



Thelma Lind Kristjánsdóttir.

Fjórði flokkur karla ÍR á Helsinki Cup

Alls 25 strákar úr 4. flokki karla ásamt þjálfurum og fararstjórum héldu á Helsinki Cup í Finnlandi, dagana 8 til 15 júlí síðastliðinn. Ferðin var mikið ævintýri, bæði innan vallar sem utan og eftir standa minningar sem munu vara alla ævi hjá þessum flottu strákum.

Á fótboltavellinum þá var ÍR með 2 lið skráð til leiks og komumst þau bæði áfram í 16 liða úrslit. ÍR 1 komst í 16 liða úrslit í A-úrslitum en tapaði síðan leik sínum í vítakeppni. Þeir fóru á kostum í riðlakeppninni með 10 stig og markatöluna 27-3 í riðlinum. ÍR 2 komst í 16 liða úrslit í B-úrslitum eftir að hafa einnig unnið leik sinn í 32 liða úrslitum í vítakeppni þá tapaðist leikurinn gegn liði sem fór alla leið í úrslitaleikinn. Þeir voru í jöfnum leikjum allt mótið og baráttan og viljinn til mikillar fyrirmyndar. Fyrir utan knattspyrnuleikina þá var margt á döfni og var meðal annars farið í heimsókn í



ÍR-strákarnir sem fóru til Helsinki ásamt þjálfurum og fararstjórum í heimsókn hjá sendiherra Íslands í Finnlandi.

Skemmtigarð og Tívolí auk þess sem að Sendiherra Íslands í Finnlandi, Hr. Árni Þór Sigurðsson bauð drengjunum heim. Við það tilefni færðu ÍR strákarnir honum áritaða ÍR treyju með þökkum fyrir sig. Gaman er að segja

frá því að á fyrsta leik ÍR mætti háttvirtur Sendiherra íklæddur ÍR treyjuni og hvatti strákana áfram. Ferðin var eftirminnileg í alla staði, og ÍR strákarnir sjálfum sér, félagi sínu og land og þjóð til sóma.



Fréttir

Íþróttafélag Reykjavíkur
Skógarseli 12 • Sími 587 7080
Tölvupóstur: ir@ir.is
Heimasíða: ir.is

ÍR-ingar glæsilegir á MÍ á Sauðárkróki

ÍR-ingar sigruðu glæsilega á Meistaramóti Íslands í frjálsíþróttum á Sauðárkróki um 14. til 15. júlí. Samheldið ÍR lið, átti góðu gengi að fagna en ÍR-ingar unnu til 14 Íslandsmeistarátítla, 12 silfurverðlauna og 13 bronsverðlauna.

Í heildarstigakeppninni hlaut ÍR næstum helmingi fleiri stig en næsta lið, 79 stig alls en stigakeppninni var þannig háttað að fyrsta sæti hlaut 3 stig, annað 2 og þriðja 1 og var það nýtt fyrirkomulag. Í kvennaflokki sigraði ÍR stigakeppnina með 42 stig, FH-ingar urðu í öðru sæti með 27 stig og Ármennningar í þriðja sæti með 8 stig. Karlamegin sigruðu ÍR-ingar einnig með yfirburðum en þeir náðu samtals 37 stigum, Breiðablik var í öðru sæti með 28 stig og UMSS í þriðja sæti með 13 stig.

Eitt Íslandsmet féll og var það kvennasveit ÍR sem bætti eigið Íslandsmet í 4x100m boðhlaupi. Sveitina skipuðu þær Tiana Ósk Whitworth, Hrafnhild Eir Hermódsdóttir, Helga Margrét Haraldsdóttir og Guðbjörg Jóna Bjarnadóttir. Þess má geta að þær Hrafnhild, Tiana og Guðbjörg skiptu allar með sér verðlaununum í bæði 100m og 200m hlaupum á mótinu og fengu þær viðurnefnið "skytturnar þrjár úr ÍR" á mótinu. Ívar Kristinn Jasonarson var mjög atkvæðamikill með sigur bæði í 400m grindahlaupi og 400m hlaupi og varð annar í 100m þar sem hann hljóp á sínum besta tíma. Ívar leiddi síðan 4 x 400m boðhlaupssveitina til sigurs á hreint ótrúlegan hátt þegar hann tók við keflinu í þriðja sæti og náði að „éta“ uppi andstaðingana með ótrúlegum 400m spretti. Næsta verkefni liðsins er eins dags Bikarkeppni FRÍ í Borgarnesi 28. júlí.



Glæsilega íþróttastaða er á Sauðárkróki.

ALLTAF FULLT BORD AF FERSKUM FISKI OG FISKRETTUM

Opið alla virka daga kl. 9 – 18:30.



ÁFRAM ÍR

Guðni Valur með EM lágmark

Guðni Valur Guðnason bætti á dögnum eigin árangur um tvo metra á móti í Kaplakrika með kast upp á 65,53 m sem er lágmark á EM í frjálsíþróttum í Berlín í ágúst.

Aðeins Íslandsmetið, 67,64 m er lengra en lengsta kast Guðna og það met í hættu með þessu framhaldi. Árangurinn setur hann í 12. sæti á Evrópulistanum sem er frábært. Guðni kastaði síðan á kastmótinu í Borgarnesi og sveif kringlan lengst þar 64,98 m sem er frábær árangur hjá Guðna og hans annar besti árangur frá upphafi.



Guðni Valur Guðnason.



GETRAUNANÚMER

ÍR ER 109

VIÐ HÖFUM OPNAÐ
STÓRGLÆSILEGA VERSLUN
Í HÓLAGARÐI ÞAR SEM ÞÚ
FINNUR ALLT FYRIR
GÆLUDÝRIÐ ÞITT.



Holtagörðum-Hólagarði-Selfossi-Akureyri

www.dyrarikid.is

Sími: 537-5000



Gleðilegt síðsumar!



FLOTHETTAN DÝPKAR FRÍÐ

FLOTHETTAN er framúrskarandi íslensk hönnun sem færir okkur djúpa slökun og vellíðan í vatni. Farðu djúpra inn á við fríinu. Líka í netsölu á www.systrasamlagid.is



LÍFRÆNN SAMFESTINGUR

Nýtt jógafermerki á Íslandi. Ripple Yoga framleiðir vinsælustu lífrænu jógasamfestinganna í heiminum í dag og margt annað.



HAFRAGRAUTUR DELUXE

Hafragrauturinn okkar er engu líkur. Lúxusútgáfan er í uppáhaldi margra sem njóta hans daglega. Lífrænn, spíraður og glútenlaus, eins og hafragrautur á að vera. Prófaðu villtan aðalbláberjalatte með.



KRISTLASVATNS- FLÖSKUR

Gæða vatnsflöskur úr þýsku ölpunum hlaðnar jákvæðum náttúrusteinum. Nokkrar tegundir.



FATNAÐUR BySirrý

Sirrý er ein af okkar fremstu textílhönnuðum. Falleg hönnun hennar fæst í Systrasamlaginu.

ÓÐINGÖTU 1, REYKJAVÍK
Ný heimasíða: systrasamlagid.is
facebook.com/Systrasamlagid
Sími: 511 6367

AFGREIÐSLUTÍMI:
Mán. - fös.: 10 - 18.
Laugardagar: 11 - 16.